



**Ávarp
forseta Íslands
Höllu Tómasdóttur
í tilefni af 60 ára afmæli
Háskólasjóðs Eimskipafélagsins**

Reykjavík, 5. desember 2024

Ágætu stjórnarmenn Háskólasjóðsins,
aðrir góðir gestir.

Framsýni og draumar!

Í ágúst á næsta ári verður mikil hátíð í Manitoba í Kanada en þá verða 150 ár frá því að fyrsti stóri hópur Íslendinga nam þar land og stofnaði Nýja-Ísland. Vesturferðirnar höfðu hafist nokkrum árum áður en árið 1875 fengu Íslendingar að stofna eins konar sjálfstjórnarnýlendu við Winnipegvatn í Manitoba sem þeir kölluðu Nýja-Ísland. Auðvitað voru margskonar ástæður fyrir því að fólk valdi að ana út í óvissuna; sumir vildu flýja fátækt og þröngbýli, aðrir eltu drauma. En allir sem stigu á skipsfjöl sáu fyrir sér aðra framtíð en þá sem blasti við þeim á Íslandi.

Framsýni og framtíðardraumar einkenndu einnig þá stórtæku Íslendinga sem voru þess fullvissir að íslensk þjóð þyrfti að eignast sitt eigið skipafélag til að tryggja ferðir til og frá landinu. Það var ekki síst með framlögum almennings að það tókst að stofna Eimskipafélag Íslands árið 1914 og það sem er einna merkilegast við þann gjörning er að Vestur-Íslendingar stóðu að baki um fimmtungi hlutafjárins. Þeir höfðu áttað sig á mikilvægi fyrirtækisins fyrir gömlu þjóðina sem þá heyrði enn undir Danakonung. Samgöngur á sjó voru lífæð okkar í þeirri einangrun sem Ísland bjó þá við.

Einn helsti baráttumaður þátttöku Vestur-Íslendinga í stofnun Eimskipafélagsins var Árni Eggertsson, fasteignasali og stjórnmalamaður í Manitoba, en 50 árum síðar, árið 1964, var sonur hans, Grettir Eggertsson, einn þeirra sem beitti sér fyrir stofnun Háskólasjóðsins og færði hann sjóðnum hlutabréf sín í Eimskipafélaginu til minningar um föður sinn og aðra þá Vestur-Íslendinga sem studdu stofnun þess. Þessi

gjöf bar vott um sömu framsýni og stofnun Eimskipafélagsins hálfri öld áður, því þetta var ekki bara gjöf heldur einnig þýðingarmikill stuðningur við menntun og rannsóknir sem í dag eru jafn mikilvægar og samgöngur á sjó voru fyrir hundrað árum. Auðvitað eru samgöngur á sjó enn þá mikilvægar en hitt telja víst flestir ljóst að háskólamenntun, nýsköpun og rannsóknir eru einn áhrifamesti lykillinn að velmegun nútímans.

Eignir sjóðsins nú eru taldar um fjórir milljarðar króna og skilst mér að þetta sé stærsti styrktarsjóður landsins. Tilgangur sjóðsins er samkvæmt stofnskrá hans „að stuðla að velgengni Háskóla Íslands svo og að styrkja efnilega stúdenta til náms við Háskólann“.

Megi þeir í námi sínu og rannsóknum nema lönd og láta drauma sína rætast. Ég færi öllum hér heillaóskir mínar og óska ykkur og okkur öllum til hamingju með þann ávöxt sem starf sjóðsins hefur borið til þessa og treysti því að við munum njóta ávaxta hans um alla framtíð, okkur öllum til framdráttar og heilla.